

Alþingi
Erindi nr. P 131/393
komudagur 3.12.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. desember 2004
2004110015/42-0
SB/ph


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 16. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu sem gerir ráð fyrir því að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að áætlunin hljóti formlega afgreiðslu Alþingis.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því að forræði rammaáætlunar flytjist til umhverfisráðherra, enda lítur stofnunin svo á að áætlunin fjalli ekki síður um vernd og sjálfbæra nýtingu vatnsfalla og jarðhitasvæða en virkjun þeirra og geti orðið lykilskjál í náttúruvernd á Íslandi. Stofnunin telur af sömu ástæðu mikilvægt að rammaáætlun fái formlega stjórnsýslulega stöðu samkvæmt nánari umfjöllun Alþingis. Ekki er þó víst að "norska leiðin", sem festir virkjunarkosti í ákveðnum flokkum til frambúðar, sé hin eina rétta í því sambandi og má benda á að þegar tiltekinn virkjunarkostur hefur verið nýttur eykst að jafnaði verndargildi annarra sambærilegra kosta.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur jafnframt til að þegar verði hafist handa við annan áfanga rammaáætlunar og honum lokið sem allra fyrst.

Virðingarfyllt



Snorri Baldursson
aðstoðarforstjóri

